

# Fyrsti evrópski þjóðfræðadagurinn verður laugardaginn 23. september 2023

Evrópski þjóðfræðidagurinn 2023 er tilraunaverkefni sem skipulagt er og stýrt af meðlimum European Folk Network (EFN) og einnig styrkt af Evrópusambandinu í gegnum MusicAIRE áætlunina. Upphafleg áætlun verkefnisins felst í að gera evrópska þjóðfræðidaginn að árlegum lykildegi í dagatalinu.



## ♦ Bakgrunnur og markmið

Hugmyndin að evrópska þjóðfræðideginum kviknaði í samtölum innan EFN. Viðburðurinn tengist beint markmiðum samtakanna: **að sýna fram á marktækan fjölda fólks alls staðar í Evrópu, sem á einn eða annan hátt leggur stund á hefðbundnar sviðslistir** (tónlist, dans, sagnaskemmtun).

## ♦ Hver getur tekið þátt í evrópska þjóðfræðadeginum?

**Allir einstaklingar, hljómsveitir, stofnanir, fyrirtæki, félög, hópar, vinnustofur og staðbundin samfélög geta tekið þátt – reyndar hver sem er** sem vill leggja til viðburð sem tengist þjóðlagatónlist, þjóðdönsum eða sagnaskemmtun, hvort sem er á staðnum eða á netinu. **ÖLL eru velkomin**, hvort sem þau eru meðlimir í EFN eða ekki.

## ♦ Hvernig er hægt að taka þátt í evrópska þjóðfræðadeginum?

Þátttaka getur verið:

- eins einföld og að taka upp myndband með nýrri eða gamalli tónlist, hlaða henni upp á samfélagsmiðil og merkja með **#europeanfolkday**.
- eins margbrotin og hátíð þar sem margir listamenn koma fram, sem fer fram 23. september eða þar um kring og er auglýst sem hluti af evrópska þjóðfræðadeginum,
- og **ef þú ert blaðamaður**, getur þú fjallað um þjóðlag eða listamann á miðlinum þínum ... eða helgað allan daginn þjóðfræðaefni. Og auglýst viðburði evrópska þjóðfræðadagsins, hvort sem þeir eru í héraði eða á landsvísu. Vantar þig upplýsingar? Spyrðu okkur: meðlimir EFN sem geta aðstoðað finnast í flestum Evrópulöndum.

**Það eru engin takmörk á því hvernig og hvar þú getur tekið þátt.** Ef þér dettur ekkert í hug hafðu þá samband um þáttökunetfangið (sjá hér fyrir neðan) eða líttu á nýju **heimasíðuna** og við munum stinga að þér hugmyndum.

Þegar þú hefur ákveðna mynd af hvernig þáttöku þinni verður háttað skaltu senda okkur lýsingu á heimasíðunni [Participate page](#), og leggja upplýsingarnar inn í leitarbæra gagnagrunninn. Þátttaka þín mun birtast í gagnagrunninum og á korti af Evrópu. Á næstu mánuðum munum við miðla upplýsingum og gera alla viðburði tengda evrópska þjóðfræðadeginum sýnilega. Þú getur skráð þig á póstlista þjóðfræðadagsins, [hér](#).

## ♦ Hvernig kemst ég í samband við skipuleggjendur?

Innan EFN er lítill hópur sem sér um skipulagningu verkefnisins. Við höfum sett upp sérstök netföng fyrir mismunandi þarfir:

- Spurningar um þáttöku má senda á Eric um [participate@europeanfolkday.eu](mailto:participate@europeanfolkday.eu)
- Blaðamenn og fjölmiðlar hafi samband við Araceli um [media@europeanfolkday.eu](mailto:media@europeanfolkday.eu)
- Almennar spurningar og önnur erindi má senda á Nod um [info@europeanfolkday.eu](mailto:info@europeanfolkday.eu)

**Við hlökkum til þess að öll sameinist í þessu nýja framtaki sem ætlað er að styðja við og fagna þjóðlistum samfélaga um alla Evrópu.**

**Evrópski þjóðfræðadagurinn er þinn og okkar allra!**



Translation into Icelandic: Chris Foster

European Folk Network | [www.europeanfolknetwork.com](http://www.europeanfolknetwork.com) | [www.europeanfolkday.eu](http://www.europeanfolkday.eu)